



Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 ÍSAFIRÐI

### SENT Í ÁBYRGÐ

Reykjavík, 4. júní 2018

#### Efni: Fyrirspurn um raforkukaup

Erindi þetta snýr að beiðni Íslenskar orkumiðlunar ehf., kt. 471216-1190, Grandagarði 16, 101 Reykjavík, til Ísafjarðarbæjar um upplýsingar og gögn í tengslum við raforkukaup sveitarfélagsins.

Íslensk orkumiðlun ehf. var stofnað fyrri hluta árs 2017 og fékk leyfi til þess að stunda raforkuviðskipti frá Orkustofnun 16. febrúar 2017. Íslensk orkumiðlun er fyrsta fyrirtækið sem fær slikt leyfi eftir að samkeppni um raforkusölu og framleiðslu var bundin í raforkulög árið 2003. Fyrirtækið sérhafir sig í að selja rafmagn til almennra notenda á samkeppnishæfu verði.

Ljóst má vera að Ísafjarðarbær kaupir raforku í umtalsverðu magni og fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Má því telja að allar likur standi til þess að raforkukaup sveitarfélagsins séu útboðsskyld á grundvelli laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Markmið laga um opinber innkaup er að tryggja jafnræði milli fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera.

Samkvæmt gildistökuaúkvæði laga um opinber innkaup, sbr. 123. gr., hefur sveitarfélögum frá 1. janúar 2017 borið að tilkynna opinberlega um innkaup sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum 1. mgr. 23. gr. laganna þar til almenn útboðsskylda tekur gildi 31. maí 2019.

Í ljósi framangreindar er óskað eftir upplýsingum og gögnum varðandi eftirfarandi, m.a. með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012:

- i. Hefur Ísafjarðarbær boðið út raforkukaup sveitarfélagsins og/eða hyggur sveitarfélagið á útboð raforkukaupa félagsins á grundvelli laga nr. 120/2016?
- ii. Hefur Ísafjarðarbær stefnu í útboðum / innkaupum á raforku (verðstefna / almenn stefna)?
- iii. Hver voru heildarinnkaup sveitarfélagsins á raforku árið 2017 og fyrstu 3 mánuði ársins 2018 (flokkad eftir af hverjum var keypt, hversu mikil magn og á hvaða verði).

Verðingar  
Gunnar Þ.

Um er að ræða mikla hagsmuni fyrir íslenska orkumiðlun og í því ljósi er óskað eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar og svörum við framangreindu sem fyrst, sem og þeim upplýsingum sem óskað er eftir, og eigi síðar en 14 dögum eftir móttöku þessarar beiðni.

Sé óskað frekari upplýsinga og/eða skýringa á framangreindu eru fyrirsvarsmenn félagsins reiðubúnir að veita þær.

Virðingarfyllst,

Magnús Júliusson

Magnús Júliusson,  
framkvæmdastjóri Íslenskrar orkumiðlunar ehf.